

Efni: Ósk um nýja tengingu að Þjóðbraut á mót svið Háaleitishlað 10 á Keflavíkurflugvelli

Undirritaður f.h. Isavia ohf óskar hér með eftir heimild til að útbúa nýja tengingu frá Þjóðbraut inn á lóð sem ber heitið Háaleitishlað 10 (lóðin þar sem „gamla flugstöðin“ á Keflavíkurflugvelli var). Markmiðið með framkvæmdinni er að bæta aðgengi að MÓT sem er söfnunarsvæði neyðarliðs skv. viðbragðsáætlun Keflavíkurflugvallar. Á mynd hér að neðan er aðkoma að aðgangshliði Keflavíkurflugvallar – Silfurhliði merkt með grænni ör. Óskað er eftir heimild til að opna innkeyrslu þar sem blá ör er staðsett og samhliða yrði inn/útkeyrslum sunnar (merkt með rauðu) lokað með vörnum sem hægt er að færa/opna sé þörf á því. Einnig yrði akstursleið innan bílastæðis næst Þjóðbraut lokað (merkt með rauðu). Með þessu fæst betri aðstaða fyrir neyðarbíla og neyðarlið þegar þörf er á.



Virðingarfyllst,
Fróði Jónsson
Verkefnastjóri björgunar og slökkviþjónustu
á Keflavíkurflugvelli.



Klippa úr deiliskipulagi Háaleitishlaðs. Þar sést að gert er ráð fyrir innkeyrslu að Háaleitishlaði 10 aðeins sunnar en hér er óskað eftir.

Afrit:
Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar